

Tillögur til hluthafafundar 2021

26. maí 2021

Miðvikudagur 26. maí 2021, kl. 15:00 í höfuðstöðvum Íslandsbanka hf. (hér eftir bankinn), Norðurturni, Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

1. Tillaga um breytingar á samþykktum bankans

Stjórn bankans leggur til að hluthafafundur samþykki nýjar samþykktir fyrir bankann í samræmi við hjálagða tillögu.

Um tillöguna:

Um heildarendurskoðun samþykktu bankans er að ræða. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Hlutfé bankans (krónur 10.000.000.000) skiptist eftirleiðis í 2.000.000.000 hluti, hver að nafnvirði fimm (5) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutfé bankans tilheyrir allt einum flokki hlutafjár.
- Heimilt er að halda hluthafafundi rafrænt, í heild eða að hluta.
- Kosning stjórnar bankans skal framkvæmd sem margfeldiskosning milli einstaklinga, sbr. c liður 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög.
- Bankinn skal hafa starfandi þriggja manna tilnefningarnefnd sem hefur það meginhlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnasetu í bankanum. Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír (3) og skulu þeir kjörnir af stjórn til eins árs í senn. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og skal meirihluti nefndarmanna vera óháður félaginu og stjórnendum þess.

2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar

Lagt er til að hluthafafundur samþykki starfsreglur tilnefningarnefndar í samræmi við hjálagða tillögu.

3. Önnur mál

Engin.